

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar.

„STARFSREGLUR

um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar.

1. gr.

Á vegum þjóðkirkjunnar skal staðið að kirkjutónlistarmálum á grundvelli stefnu þjóðkirkjunnar sem kirkjuþing samþykkir. Meginviðfangsefni hennar eru söngur og tónlistarflutningur við helgiathafnir kirkjunnar, fræðsla um kirkjutónlist og menntun starfsmanna á því sviði.

2. gr.

Biskup ábyrgist framkvæmd kirkjutónlistarstefnu í samræmi við önnur ákvæði starfsreglna þessara og setur nánari fyrirmæli um útfærslu hennar.

3. gr.

Framkvæmd kirkjutónlistarstefnu skal einkum felast í því að:

- a) veita prestum, organistum, kirkjukórum og öðrum sem að kirkjulegu starfi koma, stuðning, aðstoð og ráðgjöf,
- b) halda uppi kennslu í kirkjutónlist og líturgískum fræðum,
- c) mennta organista til starfa.

4. gr.

Starfrækja skal Tónskóla þjóðkirkjunnar sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu, sbr. b og c lið 3. gr. Skólinn starfar eftir námsskrá sem kirkjuráð samþykkir.

Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni til að sinna mál-efninu.

5. gr.

Tónskólinn heyrir undir kirkjuráð. Kirkjuráð getur samið við kirkjulega aðila, ríki, sveitarfélög eða aðra um þjónustu er skólanum er ætlað að veita skv. 2. gr.

6. gr.

Með yfirstjórn skólans fer þriggja manna stjórn, skipuð af kirkjuráði til fjögurra ára, frá og með 1. júlí, árið eftir kjör til kirkjuráðs. Kirkjuráð skipar þrjá varamenn frá sama tíma. Kirkjuráð velur formann og varaformann.

Stjórnin ber ábyrgð á að skólinn sinni skyldum sínum og haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni.

7. gr.

Stjórnin gerir árlega starfs- og rekstraráætlun og leggur fyrir kirkjuráð til samþykktar fyrir lok septembermánaðar. Starfs- og rekstrarár skólans er almanaksárið. Stjórn og skólastjóri skulu á hverju reikningsári semja ársreikning. Jafnframt skal samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Stjórn og skólastjóri skulu undirrita ársreikninginn. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir kirkjuráð.

8. gr.

Stjórnin, í samráði við kirkjuráð, ræður skólastjóra og setur honum erindisbréf. Skóla-

stjóri annast daglega yfirstjórn skólans og ræður annað starfsfólk hans í samráði við stjórn. Heimilt er að semja við annan aðila um rekstrarþjónustu við skólann svo sem um fjárhald og bókhald, rekstur húsnæðis, skrifstofu og upplýsingakerfis, annan almennan skrifstofu-
rekstur og aðra sambærilega þætti.

9. gr.

Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum stjórnar og ákvarðanir hennar. Fundargerðir skulu sendar kirkjuráði reglulega.

10. gr.

Tónskólanum er heimilt að afla sértekna samkvæmt gjaldskrá er staðfest skal af kirkjuráði.

11. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar árið 2003. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um söngmál og tónlistarfræðslu á vegum þjóðkirkjunnar nr. 825/2000.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð núverandi stjórnar Tónskólans gildir til loka júnímánaðar 2003.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um meðferð kynferðisbrota nr. 739/1998.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um meðferð kynferðisbrota nr. 739/1998.

1. gr.

Ákvæði 2. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Kirkjuráð útnefnið fagråd um meðferð kynferðisbrotamála. Fagråd er skipað þremur einstaklingum og þremur til vara, er hafa sérþekkingu á kynferðisbrotum. Einn ráðsmanna skal vera lögfræðingur, annar skal vera guðfræðingur og sá þriðji skal vera læknir, sálfræðingur eða hjúkrunarfræðingur, eða hafa sambærilega menntun. Varamenn hvers ráðsmanns skulu uppfylla sömu skilyrði. Ráðsmenn skipa einn úr sínum hópi til þess að vera formaður fagráðsins.